

## 10. fundur stjórnar FSÍ, þriðjudaginn 3. febrúar 2015, kl. 19:30, A sal ÍSÍ Laugardal

**Mættir eru:** Kristinn Arason, meðstjórnandi, Sunna Sigurðardóttir og Kristín Ívarsdóttir, ritari. Arnar Ólafsson, formaður og Einar Ólafsson, varaformaður boðuðu forföll.

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Olga Bjarnadóttir, formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Sólveig Jónsdóttir, sviðsstjóri landsliðsmála, Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri móta- og fræðslumála og Eva Hrund Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Kristinn Arason setti fundinn og tók að sér fundarstjórn.

### Eftirfarandi erindi voru lögð til samþykktar

#### 1. Zoltan Magyar

Erindið barst frá Axeli Ólafi Þórharnessyni, yfirþjálfara Íþróttafélagsins Gerplu.

Erindið fjallaði um að fá Zoltan Magyar, sem er tvöfaldur Ólympíumeistari, þrefaldur heimsmeistari og evrópumeistari í áhaldafimleikum karla sem og forseti ungverska fimleikasambandsins í heimsókn og fá hann jafnvel til að veita verðlaun á Smáþjóðleikunum í sumar. Zoltan Magyar er þekktur í fimleikaheimi karla fyrir afrek sín sem og að eiga æfingu í Code of Points sem er kölluð Magyar.

Zoltan er tilbúinn að hitta strákana okkar og reyndar alla þá sem vilja koma og heyra sögur af afrekum hans. Hann er einnig tilbúinn að hitta stjórn fimleikasambandsins og deila með ykkur reynslu sinni af störfum heim fyrir. Hann er spenntur fyrir því að fá upplýsingar um hvernig hlutum er háttað hjá FSÍ og ykkar reynslu af því að stýra sambandinu. Gisting yrði ekki vandamál þar sem að búið er að finna gistingu fyrir hann.

Erindinu fylgdi jafnframt frétt frá UEG þar sem fjallað er um hversu ánægður forseti UEG er með þróun verkefna og markmiðin sem Ungversku fimleikamennirnir hafa sett sér ásamt forseta ungverska fimleikasambandsins, Zoltan Magyar.

**Niðurstaða:** Stjórn FSÍ list vel á þetta verkefni og er tilbúin að fjármagna það með WOW miða frá einhverjum af vetraráfangastöðum þeirra. Það þarf því að athuga hvort annar aðili væri tilbúinn í að koma honum frá Unqverjalandi til vetraráfangastaðs WOW (Berlín, París, London eða Kaupmannahöfn), skrifstofa skoðar málið.

#### 2. Númer á keppnisgalla

Erindið barst frá tækninefnd í hóp fimleikum.

Erindið fjallaði um að hér eftir þurfa allir keppendur meistaraflokka á Bikarmóti og Íslandsmóti í hóp fimleikum að hafa númer á göllunum sínum. Keppendum í öllum flokkum er heimilt að hafa númer á göllunum sínum en það er einungis skylda í meistaraflokki. Í erindinu er fjallað um helstu ástæður fyrir því að keppendur þurfa að hafa númer, á hverjum ábyrgðin er að þessu sé framfylgt og hvernig festa á númerin á gallana. Tækninefnd var jafnframt búin að afla tilboða hjá hinum ýmsu fyrirtækjum og geta félögin sett sig í samband við þau fyrirtæki.

**Niðurstaða:** Stjórn FSÍ fjallaði sérstaklega um það hversu vel erindið er sett fram og hrósaði tækninefnd í hóp fimleikum sérstaklega fyrir hversu vel var vandað til verks. Erindið er samþykkt og verður sent út til félaganna.

Eftirfarandi erindi voru lögð til umræðu

**1. Íþróttáþing ÍSÍ 2015 – fyrri fundarboð**

Íþróttáþing verður haldið í Gullhömrum dagana 17. – 18. apríl. Við eigum 7 sæti á þessu þingi og því þarf að fara ákveða hverjir ætli að mæta.

Málið rætt.

**Niðurstaða:** Við munum fjölmenna og nýta öll okkar sæti. Kristinn og Kristín hafa boðið sig fram nú þegar. Það er Íslandsmót í hópfimleikum þessa helgi þannig að þetta örlítið snúið. Stjórnin ætlar að skoða málin betur áður en ákveðið verður hverjir fara.

**2. Boð um fjáröflun**

Rætt um hvort eigi að stofna fjáröflunarnefnd sem samanstendur af foreldrum. Málið rætt.

**Niðurstaða:** Sólveig mun hvetja til þess að úrvalshópar stofni slíkan fjáröflunarnefnd.

**3. Mótataska**

Tillaga um að búið verði til plagg um hvað tilheyri mótatöskunni, hverju eigi að skila og hverju þurfi ekki að skila. Þar væru jafnframt ýmsar leiðbeiningar um hvernig staðið er að mótahaldi.

**Niðurstaða:** Skrifstofa mun þróa hugmyndina áfram.

Fundi slitið kl. 20:30

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 17. febrúar 2015.

Eva Hrund Gunnarsdóttir ritaði fundinn.